



Fundur var haldinn í skólaráði til þess að veita umsögn um *reglur um skólaakstur* sem sveitastjórn leggur fyrir skólaráð til umsagnar.

Á fundinum var farið yfir nýju reglurnar og þær ræddar:

Fjallað var um eftirfarandi punkta.

- Leikskólabörn eldri en 12 mánaða sem hafa fengið leikskólaláss geta nýtt skólabíl ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Elsti árgangur leikskólabarna hefur ávallt forgang ef framboð sæta er takmarkað. Að öðru leyti gildir aldursröð barnanna, þau eldri hafa forgang fram yfir þau yngri.

*Umræður um hvort að 12 mánaða börn séu of ung til þess að fara með skólabíl. Skiptir fjarlægð frá leikskóla máli? aðstæður á vegum?*

- Skólabílar eiga fasta biðstöð á skólalóð og þar er bannað að bakka. Bílstjórar skila leikskólabörnum í umsjá starfsmanns leikskóla eftir að hafa skilað grunnskólabörnum og nær í leikskólabörn í leikskólann áður en grunnskólabörn eru sótt.

*Umræða um hvernig aðstaða er fyrir skólabíla að koma að leikskólanum. Bílarnir verða að bakka við núverandi aðstæður við leikskólann. Þetta verður að laga strax. Ef þetta er ekki lagað á ekki að vera punktur um þetta í reglum fyrir skólaakstur.*

- Skólabílastjórar skulu sækja skyndihjálparnámskeið reglulega (annað hvert ár sbr. starfsfólk Auðarskóla).

*Skólabílastjórar, líka afleysingamenn þurfa að vera búnir að taka skyndihjálparnámskeið.*